

L Ö G

70

7. maí

um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að fyrirskipa hverskonar nauðsynlegar ráðstafanir til varnar gegn því, að menn sýkist af fýlasótt (psittacosis, páfagaukaveiki), og þar á meðal að banna að meira eða minna leyti fýlatekju, hvort sem er á einstökum stöðum eða á landinu í heild.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

71

7. maí

um breyting á lögum nr. 27 23. júní 1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

4. tölul. 1. gr. laganna orðist svo:

4. Nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess að veita Markarfljóti, Álum og Affalli að brúaropinum hjá Litlu Dímon.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.